

FUNAFRÉTTIR

RÓSA HREINSDÓTTI
HALDÓRSSÞÓÐUR
601. AKUREYRI.



1995

Ágætu félagar!

Þá er loksins komið að því að Hestamannafélagið Funi sendi frá sér fréttabréf, hugmyndin er að það beri nafnið Funafréttir og komi fyrst um sinn út þrisvar á ári, fljótlega eftir aðalfund, í maílok og svo haustblað.

Félagsstarfið stendur með ágætum um þessar mundir, þó einstöku mál séu svolítið snúin, á ég þar sérstaklega við reiðvegamálin, en heilmikið hefur verið fundað undanfarið vegna þeirra með ýmsum aðilum. Þó er það trú mín (og von), að þau leysist farsælllega að lokum. Eins og allir vita er framundan landsmót hestamanna á Melgerðismelum og verður það vonandi mikil vítamínsprauta fyrir alla hestamennsku í Eyjafirði. Mikið hefur verið unnið frá því í fyrrasumar á Melunum, búið er að snúra alla trjáreiti og stíga, mála stóðhestahús, klæða veitingaskála og í vetur hefur verið unnið við að hækka velli svo eitthvað sé nefnt. En fleiri stórmál eru á dagskrá, nú er í umræðunni að reisa veglega stóðrétt á Melgerðismelum og tel ég það mjög jákvætt, ef okkur tækist að gera þar þekkta stóðrétt sem væri okkur til sóma, auk þess væri slíkt mannvirki til hagsbóta fyrir margþætta starfsemi á svæðinu.

Nú standa yfir samningaviðræður við Léttismenn um kaup Funa á hlut þeirra í veitingaskálanum, það væri stórkostlegt ef samningar næðust um það mál og við gætum loksins eignast okkar eigin félagsaðstöðu.

Funafélagar góðir, að endingu vil ég minna ykkur á að vera vel virkir og vakandi um hag félagsins.

Velgengni félagsstarfsins stendur og fellur með verkum okkar allra.

Lifið í friði !

Bjarni R. Guðmundsson

Það sem er á döfinni hjá Barna og unglingaráði Funa:

Laugardaginn 6. apríl verður haldið pizzu og video-kvöld í Hrafnagilsskóla, klukkan 20:30. Þar sem verða skoðuð ýmis hesta og fræðslu myndbönd.

Laugardaginn 13. apríl hefst langtíma-reiðnámskeið fyrir þau börn og unglinga sem hafa yfir hesti að ráða. Fyrirkomulagið verður þannig að þau hitta kennaran vikulega til að byrja með og hann leiðbeinir þeim með þjálfun gangtegunda og annað sem þörf er á. Einnig fá nemendur leiðbeiningar um hvernig þjálfka skal hestinn þar til þau hittast næst. Áætlað er að námskeiðinu ljúki í byrjun júní. Námskeiðið verður sniðið að þörfum og hæfni nemenda. Leiðbeinandi verður Birgir Árnason. Nánari upplýsingar veitir Hulda Sigurðardóttir í síma 462-5688.

3 til 5 maí er ætlunin að fara til höfuðborgarinnar og sjá Norðlenska og Sunnlenska hestadaga í Reiðhöllinni. Einnig á að fara í Gunnarsholt á Stóðhestasýninguna þann 4. maí. Eitthvað annað munum við finna okkur til gamans þessa daga.

Vinsamlegast látið vita um þátttöku fyrir 26. apríl.

Gæðingadómara - námskeið

Dómarafélag L.H. boðar til gæðingadómaranámskeiðs dagana 26,27 og 28. apríl í Reykjavík. Námskeiðið hefst kl. 20:00 föstudaginn 26. apríl í félagsheimili Fáks.

Áhugasamir hafi samband við Bjarna í Möðrufelli í s: 4631163 fyrir 10 apríl.

Einnig eru þeir sem hafa gæðinga- og/eða íþróttadómara réttindi beðnir að hafa samband.

STJÓRN FUNA:

Formaður:	Bjarni Guðmundsson	Möðrufelli	s:4631163
Varaformaður:	Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	s:4624916
Gjaldkeri:	Reynir Björgvinsson	Bringu	s:4631220
Ritari:	Pröstur Jóhannesson	Gilsbakka	s:4631165
Íþróttafulltrúi	Ármann Ólafsson	Litla-Garði	s:4631290
1. varamaður	Axel Yngvason	Merkigili	s:4631388
2. varamaður	Herdís Armannsdóttir	Teigi	s:4631249

MÓTANEFND:

Formaður:	Ágúst Ásgrímsson	Aðalstræti 70 Ak.	s:4625688
	Vala Harðardóttir	Hólakoti	s:4631311
	Axel Yngvason	Merkigili	s:4631388
	Jóna Sigurðardóttir	Bringu	s:4631242
	Reynir Björgvinsson	Bringu	s:4631220

BARNA OG UNGLINGARÁÐ:

Formaður:	Hulda Sigurðardóttir	Aðalstræti 70 Ak.	s:4625688
	Valdemar Jónsson	Ytra-Felli	s:4631170
	Þorvaldur Hallsson	Ysta-Gerði	s:4631265
	Kristbjörg Ingólfssdóttir	Melum Ak.	s:4627679
	Pröstur Jóhannesson	Gilsbakka	s:4631165

REIÐVEGANEFND:

Formaður:	Birgir Stefánsson	Teigi	s:4631249
	Þór Hjaltason	Akri	s:4631221
	Ármann Ólafsson	Litla-Garði	s:4631290

SKEMMTINEFND:

Formaður:	Valdemar Jónsson	Ytra-Felli	s:4631170
	Hulda Sigurðardóttir	Aðalstræti 70 Ak.	s:4625688
	Hafdís Sveinbjörnsdóttir	Saurbæ	s:4631312
	Herdís Ármannsdóttir	Teigi	s:4631249
	Sigríður Bjarnadóttir	Litla-Dunhaga	s:4613076

FERÐANEFND:

Formaður:	Hafdís Sveinbjörnsdóttir	Saurbæ	s:4631312
	Rósa Hreinsdóttir	Halldórsstöðum	s:4631272
	Anna Árnadóttir	Leifshúsum	s:4624916

FRÆDSLUNEFND:

Ritstjóri:	Kristbjörg Ingólfssdóttir	Melum Ak.	s:4627679
	Brynjar Skúlason	Litla-Dunhaga	s:4613076
	Anna Árnadóttir	Leifshúsum	s:4624916

FULLTRÚAR Í STJÓRN MELGERÐISMELA:

Þorvaldur Hallsson	Ysta-Gerði	s:4631265
Atli Guðlaugsson	Þórustöðum 6	s:4622582

SKOÐENDUR REIKNINGA:

Þorvaldur Hallsson	Ysta-Gerði	s:4631265
Atli Guðlaugsson	Þórustöðum 6	s:4622582

LÖG HESTAMANNAFÉLAGSINS FUNA.

1.grein.

Félagið heitir hestamannafélagið Funi og er aðili í U.M.S.E. og L.H. Starfssvæði félagsins er Eyjafjarðarsveit. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns hverju sinni.

2.grein.

Markmið félagsins er að iðka hestaiþróttir, almenna útivist og þjálfun með tiliti til sérhæfni íslenska hestsins. Markmiði sínu hyggst félagið ná með því meðal annars að:

- a) gangast fyrir kennslu og þjálfun fyrir knapa og hesta,
- b) efna til sýninga og keppni hverskonar,
- c) efla alhliða áhuga félagsmanna og almennings fyrir hestamennsku með fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- d) stuðla að bættri aðstöðu til iðkunar almennrar hestamennsku.

3.grein.

Félagismaður getur hver sá orðið. sem hlýtur samþykki stjórnar. Ágreining um inngöngu getur hver og einn borið undir aðalfund. Unglingar innan 16 ára hafa ekki kosningarétt, enda greiði þeir ekki fullt árgjald.

4.grein.

Árgjald félagsmanna skal ákveðið fyrir næsta starfsár á aðalfundi, gjalddagi þess skal vera 1.júlí. Séu félagsmenn ekki skuldlausir við félagið á aðalfundi missa þeir öll félagsleg réttindi í félaginu þar til að skuldin er að fullu greidd. Fyrir ítrekuð vanskil eða alvarleg brot gegn lögum félagsins er stjórn heimilt að víkja mönnum úr félaginu. Brotviknum félaga er heimilt að áfrýja máli sínu til aðalfundar.

5.grein.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

6. grein.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur.

Formann, ritara, og gjaldkera skal kjósa sérstaklega hvern fyrir sig, að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Varamenn skulu vera tveir. Allir stjórnarmenn, aðalmenn og varamenn skulu kosnir skriflega og til tveggja ára í senn.

Formaður þarf að ná þriðjung greiddra atkvæða, ef ekki skal kosið aftur um þá tvo, sem efstir voru að atkvæðum. Ávalt skal kjósa skriflega í stjórn, þó menn gefi kost á sér til endurkjörs. Kjósa skal tvo skoðendur reikninga þriðja hvert ár.

Formaður skal sjálfkjörinn fulltrúi á ársþing L.H. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Komi til atkvæðagreiðslu í fjarveru aðalmanna taka varamenn sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðafjölda.

7 grein.

Eftirtaldar fastanefndir og ráð eru í félaginu: mótanefnd, barna og unglingaráð, skemmtinefnd, reiðveganefnd, ferðanefnd og fræðslunefnd. Þrjár fyrst töldu nefndirnar eru skipaðar fimm mönnum, en hinar þremur.

Stjórnin skipar einn mann í hverja nefnd en hinir eru kosnir til tveggja ára í senn, á aðalfundi.

Gefi nefndarmaður kost á sér til endurkjörs, og ekkert mótframboð kemur þarf ekki að kjósa og situr hann þá til eins árs í senn. Fulltrúar stjórnar í nefndum, skulu kalla nefndir saman innan tveggja vikna frá aðalfundi, að öðru leyti skipta nefndarmenn með sér verkum.

8 grein.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í febrúar ár hvert. Boða skal til aðalfundar í fjölmiðlum með minnst viku fyrirvara og er fundurinn lögmatgur, sé löglega til hans boðað.

Störf aðalfundar eru:

- a) Skýrsla stjórnar
- b) Afgreiðsla reikninga.
- c) Lagabreytingar ef einhverjar eru.
- d) Gerð starfsáætlun fyrir næsta ár.
- e) Tekin ákvörðun um árgjald næsta árs.
- f) Kosningar.
- g) Önnur mál.

9.grein.

Formaður boðar stjórnarfundum eins oft og þurfa þykir og stjórnar þeim. Skyld er honum einnig að boða stjórnarfundum, ef þrjú stjórnarmenn óska þess.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef minnst þrjú stjórnarmenn eru mættir á fund.

Stjórn félagsins boðar félagsfundum eins oft og þurfa þykir eða ef 10 félagsmenn, hið minnsta æskja þess og tilgreina skriflega fundarefni. Félagssundur telst lögmætur ef 10 félagsmenn sitja hann .

10.grein.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundum, enda sækir hann 1/5 hluti atkvæðisbærra félagsmanna hið minnsta og 2/3 fundamanna samþykki breytinguna.

Lagabreytingar sem félagsmenn óska eftir að bornar verði upp á aðalfundum, skulu sendar félagsstjórn fyrir 31. desember fyrir aðalfund. Ber stjórninni að gera grein fyrir slíkum tillögum í fundarboði til aðalfundar. Sama gildir um lagabreytingar sem stjórnin kann að eiga frumkvæði að.

11.grein.

Félagið er eignaraðili að Melgerðismelum og ber stjórn félagsins að skipa tvo menn og einn til vara í stjórn Melgerðismela.

12.grein.

Tillögur um félagsslit skulu sæta sömu meðferð og lagabreytingar. Komi til þess, að félagið verði leyst upp skulu eignir þess vera í vörslu Eyjafjarðarsveitar og ráðstafar sveitarstjórn eigum í sem bestu samræmi við þann tilgang sem félaginu var settur í upphafi. Það telst ekki upplausn þótt félagið sameinist öðru hliðstæðu félagi eða félögum. Ráðstöfunarréttur á fjárreiðum félagsins kemur ekki til framkvæmda fyrr en að minnst tveimur árum liðnum frá upplausn félagsins.

Kæru lesendur !

Nú hefur frumburður fræðslunefndar litið dagsins ljós eftir nokkuð erfiða fæðingu og er það von okkar að honum verði vel tekið. Fyrst um sinn munu Funafréttir koma út með þessu sniði en á haustdögum er meiningin að þær breyti um útlit. Félagsmenn eiga þess kost að fá auglýsingar birtar í blaðinu gegn vægu gjaldi og hvetjum við ykkur til þess að nýta þá þjónustu. Næsta tölublað kemur út um miðjan maí og viljum við nota tækifærið og óska eftir hugmyndum og/eða efni í það blað. Einnig viljum við benda nefndum félagsins á að blaðið er kjörinn vettvangur til að miðla upplýsingum til félagsmanna og stuðla þannig að betra félagsstarfi.

Virðingarfyllst
Ritstjórn
